



Reykjavíkurborg

mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Reykjavík, 10. febrúar 2021

R18010207

100

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð

***Kosning fulltrúa í stýrihóp um mótun lýðræðisstefnu Reykjavíkur***

Þór Elís Pálsson hefur látið af störfum sem fulltrúi í stýrihóp um mótun lýðræðisstefnu Reykjavíkur. Í hans stað tekur Ásgerður Jóna Flosadóttir sæti í stýrihópnum. Meðfylgjandi er uppfært erindisbréf.

Með kveðju

Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir  
starfsmaður stýrihóps um mótun lýðræðisstefnu Reykjavíkur

Hjálagt:  
Erindisbréf

**ERINDISBRÉF****Stýrihóps um mótun lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar****Ábyrgðarmaður:**

Dóra Björt Guðjónsdóttir, formaður mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs.

**Hlutverk stýrihóps:**

Stýrihópurinn hefur það hlutverk að móta nýja stefnu í lýðræðismálum með það að markmiði að efla samráð við borgarbúa og formgera enn frekar möguleika þeirra til áhrifa á stjórnkerfi Reykjavíkurborgar. Lýðræðisstefnan á að vera leiðarljós bæði fyrir íbúa borgarinnar og stjórnkerfið um það með hvaða hætti íbúar koma að ákvarðanatöku í verkefnum Reykjavíkurborgar.

**Helstu verkefni:**

- Að gera tillögu að heildstæðri stefnu í lýðræðismálum með áherslu á samráð við borgarbúa. Markmið lýðræðisstefnu er fyrst og fremst að leggja grunninn að skýrri og gagnsærru umgjörð íbúalýðræðis innan Reykjavíkurborgar.
- Að móta vegvísi við íbúalýðræði.
- Að horfa til þeirrar upplýsinga sem þegar hefur verið aflað og vinna áfram úr drögum að lýðræðisstefnu dags. 23. apríl 2018.
- Að hafa víðtækt samráð við hagsmunahópa.

**Stýrihópurinn skipa:**

Dóra Björt Guðjónsdóttir, ábyrgðarmaður  
Ásgerður Jóna Flosadóttir  
Daníel Örn Arnarson  
Diljá Ámundadóttir Zoega  
Skúli Helgason  
Örn Þórðarson

**Starfsmaður:**

Starfsmaður mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.

**Til ráðgjafar og samstarfs:**

Starfsfólk Reykjavíkurborgar.

**Starfstímabil:**

Niðurstöður stýrihópsins verða lagðar fyrir mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð 1. maí 2021.